

Með hliðsjón af framansögðu svo og vísan til 1. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir nauðsynlegt að úrskurða kærða í gæsluvarðhald. Gæsluvarðhaldstími ákveðst allt að 30 dögum.

Úrskurðarorð:

Kærði, Hallgrímur Pétur Gústavsson, sæti gæsluvarðhaldi í allt að 30 dögum.

Mánudaginn 10. maí 1976.

Nr. 61/1976. **Bergur Lárusson**

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs,

Samgönguráðherra vegna Vegagerðar

ríkisins og bæjarstjóranum í Kópavogi f. h.

Kópavogskaupstaðar.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Kærumál. Samlagsaðild. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 8. mars 1976, sem Hæstarétti barst 19. s. m., hefur sóknaraðili með heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið til Hæstaréttar frávísunardómi bæjarþings Kópavogskaupstaðar, uppkveðnum 26. febrúar 1976. Krefst hann þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi varnaraðilja „fyrir héraðsdómi og Hæstarétti“.

Varnaraðili bæjarstjórninn í Kópavogi f. h. Kópavogskaupstaðar krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Varnaraðiljar fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og sam-

gönguráðherra f. h. Vegagerðar ríkisins hafa engar kröfur gert í kærumálinu.

Mál þetta hefur sóknaraðili höfðað á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og samgönguráðherra f. h. Vegagerðar ríkisins og krafist þess, að felldur verði úr gildi úrskurður matsnefndar eignarnámsbóta samkvæmt lögum nr. 11/1973, dags. 7. júlí 1975. Einnig hefur hann krafist bóta að fjárhæð 12.000.000 krónur úr hendi þessara varnaraðilja vegna töku á hluta af erfðaleigulandi hans undir veg, svo sem nánar er greint í hinum kærða dómi, svo og vaxta og málskostnaðar.

Í málinu hefur sóknaraðili einnig stefnt varnaraðilja Kópavogskaupstað við hlið framangreindra aðilja og gert sömu kröfur á hendur honum og þeim.

Eins og greinir í hinum kærða úrskurði, fór umrætt mat eignarnámsbóta eigi fram að kröfu varnaraðilja Kópavogskaupstaðar. Ekki verður heldur séð, að hann hafi haft nein afskipti af meðferð málsins fyrir matsnefndinni. Að því er snertir bótakröfu sóknaraðilja á hendur Kópavogskaupstað, telur sóknaraðili hana m. a. sprotna af því, að kaupstaðurinn hafi torvelað sér hagnýtingu erfðaleigulandsins, áður en Vegagerð ríkisins krafðist eignarnáms. Enn fremur reisir hann bótakröfuna á sérstökum ákvæðum erfðaleigusamningsins auk fleiri atriða.

Af framansögðu er ljóst, að kröfur sóknaraðilja á hendur varnaraðilja Kópavogskaupstað eru a. m. k. öðrum þræði ósamrættar þeim kröfum, sem sóknaraðili gerir á hendur öðrum varnaraðiljum í málinu. Samkvæmt þessu, og þar sem bótakrafa hans er með öllu ósundurliðuð, þá þykir verða, sbr. 47. gr. laga nr. 85/1936, að taka til greina kröfu varnaraðilja Kópavogskaupstaðar um, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, að því er hann varðar.

Aðrir varnaraðiljar en Kópavogskaupstaður hafa ekki krafist frávísunar málsins. Krafa sóknaraðilja um, að ógildur verði metinn úrskurður matsnefndar eignarnámsbóta, dags. 7. júlí 1975, er hluti þeirra dómkrafna, sem hann gerði á hendur varnaraðiljum í stefnu málsins. Var ekki ástæða til að dæma um þá kröfu í sambandi við úrlausn um frávísunar-

kröfu varnaraðilja Kópavogskaupstaðar, heldur ber að fjalla um hana, þegar málið verður flutt og dæmt um efnishlið. Kann þá að reyna á það, hverju máli úrlausn um hana skipti um dómhæfi bótakröfunnar. Verður hinn kærði dómur því felldur úr gildi, að því er varðar aðra varnaraðilja en Kópavogskaupstað, og málinu að því leyti vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja bæjarstjóranum í Kópavogi f. h. Kópavogskaupstaðar kærumálskostnað, sem ákveðst 20.000 krónur. Að öðru leyti er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur, að því er varðar kröfur sóknaraðilja, Bergs Lárussonar, á hendur varnaraðiljum, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og samgönguráðherra f. h. Vegagerðar ríkisins, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju. Kærumálskostnaður í þessum þætti málsins fellur niður.

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður, að því er varðar kröfur sóknaraðilja á hendur varnaraðilja bæjarstjóranum í Kópavogi f. h. Kópavogskaupstaðar. Sóknaraðili greiði þessum varnaraðilja 20.000 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 26. febrúar 1976.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 16. þ. m., hefur Bergur Lárusson forstjóri, Lindarvegi 1 í Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 5. september 1975, á hendur Matthíasi Á. Mathiesen fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs Íslands, Halldóri E. Sigurðssyni samgönguráðherra vegna Vegagerðar ríkisins og Björgvin Sæmundssyni bæjarstjóra f. h. Kópavogskaupstaðar til ógildingar á úrskurði og matsgerð matsnefndar eignarnámsbóta, dags. 7. júlí 1975, í málinu: Vegagerð ríkisins gegn Bergi Lárussyni, og til greiðslu skaðabóta in solidum, aðallega að

fjárhæð kr. 12.000.000, en til vara annarrar fjárhæðar samkvæmt mati dómkvaddra manna, í báðum föllum auk 13% ársvaxta af dæmdri fjárhæð frá 22. ágúst 1974 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt reikningi eða að mati réttarins.

Af hálfu stefndu ríkissjóðs Íslands og Vegagerðar ríkisins eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara krefjast þeir, að úrskurður matsnefndar eignarnámsbóta, dags. 7. júlí 1975, verði tölulega staðfestur, þó þannig, að miðað verði við skerta landstærð, 1255 m², og að málskostnaður verði látinn niður falla. Til þrautavara krefjast þeir, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Kópavogskaupstaður gerir kröfur til þess, að dómkröfum stefnanda á hendur kaupstaðnum verði vísað frá dómi að öllu leyti og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Nái frávísunarkrafan eigi fram að ganga, er af kaupstaðarins hálfu gerðar kröfur um sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnað úr hendi hans. Er sérstaklega krafist ógildingar úrskurðar matsnefndar eignarnámsbóta í matsmálinu: Vegagerð ríkisins gegn Bergi Lárussyni, að því er Kópavogskaupstað varðar.

Munnlegur málflutningur fór fram um frávísunarkröfuna 16. þ. m. Gerði stefnandi í því sambandi þær kröfur, að frávísunarkröfunni yrði hrundið og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi Kópavogskaupstaðar vegna þessa þáttar málsins.

Af hálfu ríkissjóðs og Vegagerðarinnar var því lýst yfir, að ekki væri af þeirra hálfu tekin afstaða til þessa ágreinings.

Samkvæmt skjölum málsins eru málavextir á þá leið, að með afsali, dags. 11. ágúst 1959, eignaðist stefnandi erfðaleigulandið nr. 134 úr landi jarðarinnar Kópavogs frá bróður sínum, Helga Lárussyni forstjóra, Reykjavík, sem hafði eignast það með afsali, dags. 21. mars 1947, frá páverandi erfðaleiguhafa, frú Katrínu Söbebeck, sem hafði öðlast erfðaleiguréttindi yfir eigninni með samningi við dóms- og kirkjumálaráðuneytið, dags. 10. september 1940.

Í greindum erfðaleigusamningi og þeim afsölum, er síðar hafa farið fram, var landið að sögn stefnanda talið 0.29 ha að flatarmáli, en selt á erfðaleigu með ákveðnum landamerkjum, sem landið var í upphafi girt eftir, og muni sú girðing hafa haldist óbreytt síðan, landið ræktað og nytjað innan hennar frá upphafi og þar að auki auðkennt með ákveðnu númeri, 134, meðal landa

úr Kópavogslandi og samkvæmt uppdrætti Búnaðarfélags Íslands. Við nánari mælingu síðar, sem framkvæmd var af forstjóra Landmælinga Íslands eftir fyrirsögn stefnanda um mörk þess, reyndist landið vera 4480 m² að stærð, og telur stefnandi, að þá stærð beri að leggja til grundvallar í þessu máli.

Þegar stefnandi keypti land það, sem hér er um fjallað, telur hann það hafa verið í þeim tilgangi að reka á því tún- og garðrækt og til öflunar afurða á því sviði, en jafnframt til dvalar þar með fjölskyldu sína, sem hann og hafi gert. Hann telur þó, að óhjákvæmilegt hafi verið fyrir sig að fá leyfi til að stækka íbúðarhúsið um tvö herbergi, svo að unnt væri fyrir sig og fjölskyldu sína að búa í íbúðarhúsin á landinu, svo viðunandi væri. Hann kveðst hafa sótt mjög oft um leyfi bæjarstjórnar Kópavogs til slíkra framkvæmda og einnig um aðstöðubætur til búrekstrar á landinu, en jafnan verið synjað.

Stefnandi telur sig þó hafa búið á landinu, frá því að hann keypti það, en þrengsli og slæmur aðbúnaður samkvæmt framsögðu valdið sér tjóni og öðrum óþægindum. Telur stefnandi þessa framkomu bæjarstjórnar Kópavogs hafa valdið sér stórtjóni, sem hann telur bæjarstjórnina eiga að bæta sér ásamt öðru tjóni, er hann telur sig munu færa nánari rök fyrir í málinu. Þá atvinnu, sem stefnandi hefur, auk nýtingu landsins, stundað í sambandi við heimili sitt, telur hann, að eigi hafi á neinn hátt dregið úr eða spillt á annan hátt eðlilegri nýtingu landsins.

Þegar stefnandi keypti land það, er þetta mál fjallar um, telur hann, að landið hafi legið að svonefndum Hafnarfjarðarvegi, en í bréfi meðstefnda Vegagerðar ríkisins til formanns matsnefndar eignarnámsbóta, dags. 22. ágúst 1974, segi m. a.: „Með vísan til X. kafla vegalaga og laga nr. 11/1973 er þess hér með farið á leit við yður, hr. formaður matsnefndar eignarnámsbóta, að þér kveðjið með yður tvo eða fjór hæfa og óvilhalla menn til þess að meta lögboðnar bætur vegna skerðingar á lóðinni Lindarvegi 1 í Kópavogi, sem verður vegna lagningar Hafnarfjarðarvegur um Kópavog. Bergur Lárusson, til heimilis að Lindarvegi 1, Kópavogi, hefur erfðafestu á nefndri lóð. Lóðin er alls 2900 m², en skerðist um 1255 m² vegna nefndrar vegagerðar, sbr. meðf. kort. Leitað hefur verið samkomulags við Berg, en samningar ekki tekist“.

Samkvæmt ofansögðu telur stefnandi ljóst, að á árinu 1974 hafi verið ákveðið að breyta legu Hafnarfjarðarvegur á þann hátt í fyrsta lagi að gera hann að hraðbraut og í öðru lagi að leggja

hann eftir landi hans enda á milli þannig, að í stað þess, að vegurinn hafi áður legið utan landsins, hafi hann nú verið lagður í gegnum það mitt og á þann hátt valdið honum stórtjóni.

Hafnarfjarðarvegur svonefndur hefur verið þjóðvegur í fjölda-mörg ár, og mun kostnaður við lagningu hans og viðhald hafa verið greiddur beint af ríkisé allt til ársins 1964, er vegalög nr. 71/1963 tóku gildi, en með þeim lögum og reglugerð settri samkvæmt þeim, nr. 44/1965, var sá hluti vegarins, sem liggur milli Fossvogslækjar og Kópavogslækjar, gerður að þjóðvegi í þéttbýli. Með reglugerð nr. 205 frá 1966 var þessu breytt þannig, að þjóðvegur í Kópavogi telst frá Fossvogslæk að Hlíðarvegi.

Um þetta leyti mun hafa verið hafist handa um gerð áætlana um framtíðarlegu vegarins í gegnum Kópavog, og í framhaldi af því hófst gerð og lagning hans í þeirri mynd, sem nú er.

Eins og fram kemur hér að ofan, óskaði Vegagerð ríkisins eftir því með bréfi, dags. 22. ágúst 1974, að matsnefnd eignarnámsbóta tæki til meðferðar að meta bætur vegna skerðingar á landi stefnanda í sambandi við vegarlagninguna.

Úrskurður nefndarinnar er dags. 7. júlí 1975. Fyrsti kafli hans hljóðar svo:

„Með bréfi, dags. 22. ágúst 1974, hefur Vegagerð ríkisins með vísun til 10. kafla vegalaga og laga nr. 11/1973 farið þess á leit, að metnar væru lögboðnar bætur vegna skerðingar á lóðinni Lindarvegi 1, Kópavogi, sem verði vegna lagningar Hafnarfjarðarvegur um Kópavog. Bergur Lárusson, Lindarvegi 1, Kópavogi, hafi erfðafestu á nefndri lóð.

Lóðin sé talin alls 2900 ferm. að stærð, en skerðist við eignarnámið um 1255 ferm. vegna vegagerðar þeirrar, sem hér um ræðir og samkv. meðfylgjandi uppdrætti, sem eignarnemi leggur fram.

Leitað hafi verið samkomulags við Berg Lárusson um bætur, en samningur hafi ekki tekist.

Eignarnemi skýrir svo frá, að yfir hafi staðið undanfarið við-ræður milli Kópavogsbæjar og Bergs Lárussonar um hugsanleg kaup bæjarins á réttindum hans yfir lóðinni að Lindarvegi 1 ásamt öllum húsakosti. Vegagerð ríkisins hafi talið eðlilegt að bíða niðurstöðu þessarar viðræðna. Nú nýverið hafi hinsvegar slitnað upp úr þessum viðræðum, án þess að samkomulag næðist. Er svo var komið, hafi verið ljóst, að til þess gæti dregið, að tafir yrðu á þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar voru haustið 1974, þar sem umráð yfir lóðarspildunni hafi ekki verið tryggð. Þess-vegna baðst eignarnemi þess, að Matsnefnd eignarnámsbóta tæki

mál þetta fyrir svo fljótt sem unnt væri og heimilaði jafnframt Vegagerð ríkisins samkv. 14. gr. laga um framkvæmd eignarnáms nr. 11/1973 að taka þá þegar umráð þess lands, sem taka átti eignarnámi, þótt niðurstaða Matsnefndar lægi ekki fyrir en síðar.

Af þessu tilefni var fundur í Matsnefnd eignarnámsbóta settur að Lindarvegi 1 í Kópavogi 9. sept. 1974. Mættir voru á þessum fundi formaður Matsnefndarinnar Egill Sigurgeirsson, hrl., og með honum Björn Bjarnason, ráðunautur, og Sigmundur Jónsson, verkfræðingur, sem formaður nefndarinnar hafði kvatt til meðferðar þess máls, sem hér liggur fyrir samkv. 2. gr. 1. nr. 11/1973.

Eignarnámsþoli Bergur Lárusson var sjálfur mættur á þessum fundi. Hann samþykkti það, að Vegagerðin fengi þá þegar umráð þeirrar landspildu, 1255 ferm., sem að fram á var farið, enda verði ekki torvelduð umferð hans að íbúðarhúsi hans. Var það samþykkt af umboðsmanni Vegagerðarinnar.

Matsmenn gengu á vettvang í þetta skipti og kynntu sér allar aðstæður. Viðstaddir voru umboðsmenn eignarnema svo og eignarnámsþoli sjálfur.

Næsti fundur í Matsnefnd eignarnámsbóta um þetta mál var 26. júní 1975. Lögðu aðilar fram á þeim fundi skjöl sín í málinu, og einnig fór fram munnlegur málflutningur, þar sem lögmenn aðila rökstuddu kröfur sínar og röktu alla málavexti. Lögmáður eignarnema mótmælti greinargerð lögmanns eignarnámsþola, og sérstaklega tók hann fram, að hann mótmælti því, að eignarnemi yrði skyldaður til að taka eignarnámi allt land eignarnámsþola og mannvirki hans á landinu, og vísaði hann í því efni til 12. gr. laga nr. 11/1973“.

Þá er í löngu máli og ítarlegu rakin sjónarmið matsaðilja og lagarök.

Í lokakafla úrskurðarins segir svo:

„Matsnefnd lítur svo á, að framsal erfðaleigusamningsins frá 10. sept. 1940 og erfðaleiguréttindanna samkv. honum til eignarnámsþola svo og afnot hans af landspildunni séu ekki vefengjaleg. Enda hefur ekki verið á það bent fyrir en í þessu máli, að framsalið hafi ekki verið löglegt, og stjórnvöld í Kópavogi hafa alla tíð vitað um tilvist og dvöl eignarnámsþola á þessu landi án þess að gera nokkurn tíma athugasemd um réttindi hans yfir landinu, þó að ljóst sé af skjölum málsins, að eignarnámsþoli hefur alla tíð, frá því hann flutti á landið, haft allveruleg sam-

skipti við yfirvöld kaupstaðarins. Þá líta matsmenn svo á, að þótt eignarnámsþoli hafi ekki gert athugasemdir við skipulagstillögu að legu Hafnarfjarðarvegur, sem auglýst hafi verið 19. sept. 1968, þá hafi hann ekki með því firrt sig rétti til bóta vegna þeirrar landtöku, sem í þessu sambandi átti sér stað.

Þá líta matsmenn svo á, að 14. gr. erfðaleigusamningsins frá 10. sept. 1940 sé enn í fullu gildi, en í þeirri grein segir m. a., að ef landsdrottinn krefjist meira af landinu en $\frac{1}{4}$ hl. þess, þá geti leigutaki krafist, að landið verði allt tekið með mannvirkjum, sem á því eru.

Matsnefndin lítur einnig svo á, að krafa eignarnámsþola um, að landið sé allt tekið eignarnámi, hafi einnig stoð í 12. gr. laga nr. 11/1973.

Þó að Matsnefndin fallist þannig á þá kröfu eignarnámsþola, að allt landið sé tekið eignarnámi, eins og nú er komið málum, þá lítur Matsnefndin svo á, að eignarnámsþoli verði að beina þeirri kröfu að Kópavogskaupstað, sem hefur að öllu leyti yfirtekið skyldur landsdrottins gagnvart eignarnámsþola. Kröfu þessari verði hinsvegar ekki beint gegn Vegagerð ríkisins, sem aðeins sé í þessu tilfelli að vinna að framkvæmd á staðfestu skipulagi.

Þegar Matsnefnd gekk á vettvang og skoðaði landið, varð nefndinni ljóst, að landið var stærra en þeir 2900 ferm., sem í erfðaleigusamningnum getur. Mjög gamlar girðingar og ræktun landsins svo og staðsetning íbúðarhússins á landinu benti allt til þess, að mæling sú, sem í erfðaleigusamningnum stendur, sé ekki rétt. Með hliðsjón af þessu, sem Matsnefndin sannfærðist um við skoðun á landinu, telur Matsnefndin rétt að miða við mælingar þær, sem forstöðumaður Landmælinga Íslands gerði, enda telur nefndin þær mælingar vera í samræmi við öll verks- ummerki á landinu.

Matsnefndin er sammála um þá niðurstöðu, að eignarnámsþoli eigi að fá bættu frá eignarnema í þessu máli þá landskerðingu, sem hann hefur orðið fyrir.

Eins og áður kemur fram og nánar er rakið í erfðaleigusamningnum, eru leiguréttindum eignarnámsþola settar ýmsar takmarkanir, og er ekki ástæða til að taka þær hér upp aftur. Þar sem réttarstaða eignarnámsþola samkvæmt erfðaleigusamningnum er með þeim hætti, sem raun er á, verður matsniðurstaða ekki byggð á verðmæti landsins miðað við, að það mætti hluta landið

niður og ráðstafa síðan einstökum hlutum til annarra. Ber að miða við þá hagnýtingu, sem eignarnámsþola er heimil samkvæmt ákvæðum samningsins, svo og þann ávinning, sem hann fengi við ráðstöfun landsins ásamt mannvirkjum til annarra í samræmi við ákvæði samningsins.

Sátt var reynd, en árangurslaust.

Talsvert miklar upplýsingar liggja fyrir hjá nefndinni um lóðasölur í Kópavogi og möt á lóðum í kaupstaðnum.

Með hliðsjón af þessu, ýmsum mælitölum á verðbreytingum svo og öðru, sem máli skiptir, telst lóðarverð hæfilega metið á kr. 125.00 pr. ferm., eða samtals fyrir 1923 ferm. kr. 240.375.00, en Matsnefndin telur rétt að miða við þá landstærð, eins og áður segir.

Þá telur Matsnefndin rétt að meta eignarnámsþola bætur vegna hinna miklu óþæginda, sem hann hefur orðið fyrir við lagningu hins nýja Hafnarfjarðarvegar, og ákveðst sú upphæð kr. 75.000.00.

Matsupphæðin miðast við staðgreiðslu“.

Eins og að ofan er að vikið, var erfðaleiguland stefnanda talið mun stærra en þeir 0.29 ha, sem upphaflegur erfðaleigusamningur sagði það vera. Mæling landsins var falin Ágústi Böðvarsyni, forstöðumanni Landmælinga Íslands. Í framlögðu bréfi hans um þetta efni, dags. 16. apríl 1975, segir svo:

„Að beiðni Sveinbjörns Jónssonar hrl. hefi ég mælt erfðafestuland Bergs Lárussonar, Digranesblett 134 í Kópavogi.

Mörk hins melda lands eru sem hér greinir:

Að norðan girðingarslitur utan við röð af hríslum, sem ræktaðar hafa verið norðan við heimreiðina.

Að austan, þ. e. ofan við húsið, lína í 10 metra fjarlægð frá íbúðarhúsgafli.

Að sunnan, girðingarslitur ofan við troðning (heimreið) um Digranesblett 119.

Að vestan hafði breið spilda verið tekin undir nýju hraðbrautina til Hafnarfjarðar, og var mæling þess hluta landsins því gjörð eftir flugmynd, sem tekin var af landinu, áður en hróflað var við því til vegagerðarinnar, þ. e. á síðastliðnu sumri.

Skil milli landsins, sem tekið var undir veg, og þess hluta, sem eftir er, var merkt með hælum eftir vegagerðarmenn, og voru mörk skilanna dregin samkvæmt þeim.

Leiðbeiningu um mörkin gaf Bergur Lárusson, eigandi erfðafestulandsins.

Allt landið mældist 4480 m²

Þar af tekið undir veg 1923 m²

Eftir er óraskað 2557 m²

Á tveimur kopíum, sem hér með fylgja, er land það, sem tekið var undir veginn, litað með rauðum lit.

Nokkurt ósamræmi er á milli hins mælda lands og lands þess, sem gefið er upp af bæjarverkfræðingi Kópavogs, sbr. kopíu, dags. 12. ágúst 1974. Eru mörk þeirrar kopíu dregin á annan uppdrátt til glöggvunar“.

Svo sem að framan er sagt, var árið 1966 hafist handa um gerð áætlana um lagningu svonefnds Hafnarfjarðarvegar um Kópavog. Sérstakri nefnd, byggingarnefnd Hafnarfjarðarvegar, kosinni af bæjarstjórn Kópavogs, var falin framkvæmd vegarlagningarinnar í samvinnu og samráði við Vegagerð ríkisins að undanangnum samningum við samgönguráðuneytið um tilhögun verksins og fjármögnun þess.

Eftir því sem leið á verkið, kom æ betur í ljós, að kostnaður við það fór fram úr öllum áætlunum. Var af hálfu Kópavogskaupstaðar leitast við að ná fram breytingum á upphaflegu samkomulagi við ríkisvaldið frá 1966 um verkið. Í árslok 1973 varð samkomulag um verulegar breytingar í þessu efni milli byggingarnefndar Hafnarfjarðarvegar annars vegar og viðræðunefndar samgönguráðuneytisins hins vegar. Er ekki annað fram komið en samkomulag þetta hafi verið staðfest bæði af bæjarstjórn Kópavogs svo og samgönguráðherra.

Hið nýja samkomulag var mjög ítarleg greinargerð um greiðslu kostnaðar við verkið, umfang þess og tengingu við gatnakerfi kaupstaðarins svo og framhald verksins.

Þungamiðja samkomulagsins var sú ákvörðun, að Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi skyldi verða þjóðvegur frá 1. janúar 1974 að telja. Í samræmi við þetta tók Vegagerð ríkisins alfarið við forstöðu vegarlagningarinnar, en byggingarnefnd Hafnarfjarðarvegar var lögð niður.

Af hálfu Kópavogskaupstaðar er frávísunarkrafan rökstudd með tilvísun til 47. gr. laga nr. 85/1936 og því eindregið haldið fram, að dómkröfur á hendur stefndu í málinu séu ekki af sömu rót runnar.

Bent er á það, að af málalítilbúnaði stefnanda verði það ráðið,

að hann rökstyðji dómkröfur sínar með fjórum meginmálsástæðum, en engin þeirra eigi við stefndu sameiginlega.

Í fyrsta lagi byggi hann kröfur sínar til skaðabóta á samskiptum sínum gegnum árin við bæjarstjórn Kópavogs út af erfðaleigulandi sínu. Hvort sem nokkurt hald sé í þessari málsástæðu eða ekki, þá sé það ljóst, að hún varði á engan hátt Vegagerð ríkisins eða ríkissjóð.

Þá sé sú málsástæða, að Hafnarfjarðarvegurinn sé lagður til að fullnægja staðfestu skipulagi Kópavogskaupstaðar og til sameiginlegra nota stefndu. Þótt þetta megi til sanns vegar færa, þá verði bótakröfu, reistri á ákvæðu mskipulagslaga, þ. e. 29. gr., ekki með réttu beint gegn stefndu sameiginlega, heldur eingöngu gegn sveitarstjórn. Í þessu sambandi er lögð áhersla á það af hálfu kaupstaðarins, að skipulag sem slíkt sé almennt ekki réttarskapandi atvik, þótt í því felist ráðagerð um landskerðingu, heldur sé það eignarnámsákvörðunin og sjálf takan.

Í þriðja lagi sé það taka landsins undir veginn, þ. e. sjálft eignarnámið. Vilji stefnandi halda því fram, að stefndu hafi í sameiningu eða sameiginlega tekið landið í þágu vegarlagningarinnar. Fáir þetta ekki staðist. Eignarnámið sé að öllu leyti óviðkomandi Kópavogskaupstað, enda hafi enginn fulltrúi hans tekið neinn þátt í því né í meðferð málsins fyrir matsnefnd. Vegagerð ríkisins hafi neytt eignarnámsheimildar skv. X. kafla vegalaga, sem þá giltu, nr. 80/1973, og sé því hinn eini eignarnemi.

Að lokum sé sú málsástæða stefnanda á því byggð, að skv. 14. gr. erfðaleigusamnings um landið þá eigi hann rétt til, að svarað sé bótum fyrir allt landið, þar sem meira en $\frac{1}{4}$ þess hafi verið tekinn. Því er mótmælt af hálfu kaupstaðarins, að þessari málsástæðu verði með réttu beint gegn öðrum en honum, þar sem Kópavogskaupstaður hafi með afsali fyrir landi jarðanna Digra-ness og Kópavogs frá 14. ágúst 1957 yfirtekið öll réttindi og skyldur hins fyrri landsdrottins, ríkisvaldsins. Jafnframt hafi allar skyldur ríkisvaldsins í þessu sambandi fallið niður.

Með tilvísun til þess, sem að ofan er sagt, er því haldið fram að hálfu Kópavogskaupstaðar, að í ljós sé leitt skýrt og ótvírætt, að skilyrði 47. gr. laga nr. 85/1936 um samlagsaðild sé ekki fyrir hendi. Beri því að vísa frá öllum kröfum stefnanda á hendur kaupstaðnum.

Stefnandi mótmælir frávísunarkröfunni sem raka- og tilefnislausri. Hann bendir á, að eins og skjöl málsins beri ljóslega með sér, sé málið risið af lagningu hraðbrautar af hálfu Vegagerðar

ríkisins og Kópavogskaupstaðar í gegnum land hans enda á milli, m. ö. o. sami vegur gegnum sama land til sömu nota. Afleiðingar þessarar vegalagningar séu stórskemmdir á landi hans og annarri aðstöðu hans á því, þ. á m. stórkostleg truflun á dvalarró í íbúðarhúsinu.

Stefnandi kveður, að ástæðan til þessara athafna stefndu sé sameiginlegur vilji þeirra og þvingun gagnvart sér til lagningar nefndrar hraðbrautar gegnum landið til sameiginlegra nota stefndu og umbjóðenda þeirra. Í því sambandi tekur hann fram, að unnt hefði verið að leggja hraðbrautina nokkuð utan við land hans, án þess að aðstöðu hennar sem hraðbrautar hefði nokkuð verið raskað og án nokkurs tjóns fyrir skipulag Kópavogsbæjar.

Á það er lögð höfuðáhersla í málflutningi stefnanda, að málsókn hans á hendur stefndu sé almennt skaðabótamál og sé grundvöllur bótakröfunnar hvílandi á tveimur meginstöðum. Í fyrsta lagi sameiginlegri töku stefndu á hluta lands hans undir vegarstæðið, en afleiðingar þessarar landskerðingar og vegarlagningin sjálf sé stórtjón fyrir sig. Í annan stað byggist krafan um bætur fyrir allt landið og mannvirkin á því á 14. gr. upphaflegs erfðaleigusamnings, en þar séu fyrirmæli á þá leið, að taki landsdrottinn meira en $\frac{1}{4}$ hluta landsins, þá eigi erfðaleiguhafi skýlausan rétt til að fá bætur fyrir allt landið og mannvirki á því eftir samkomulagi eða mati.

Í þessu sambandi verði ekki fram hjá því komist, að upphaflegur landsdrottinn hafi verið ríkisvaldið með öllum réttindum og skyldum, eins og erfðaleigusamningurinn sagði til um. Þrátt fyrir afsal landsins til handa Kópavogskaupstað, sem með því öðlaðist allan rétt landsdrottins og tókst á hendur allar skyldur hans, hafi ríkisvaldið ekki þar með losast við skyldur sínar gagnvart upphaflegum erfðaleiguhöfum eða þeim, sem leiði rétt sinn frá þeim. Slík skuldskeyting án samþykkis kröfuhafa, þ. e. erfðaleiguhafa, stríði alveg gegn reglum íslensks kröfuréttar.

Þegar það sé virt, sem nú hafi verið rakið, kveður stefnandi, að skilyrði 47. gr. einkamálalaganna um samrætni stefnukrafna á hendur stefndu sé ótvírætt fullnægt. Því beri að hrinda frávísunarkröfu Kópavogskaupstaðar.

Álit dómsins og niðurstaða.

Þegar öll gögn og málavextir eru virtir, verður að líta svo á, að mál þetta eigi upptök sín í þeirri ákvörðun Vegagerðar ríkisins að taka hluta af erfðaleigulandi stefnanda undir vegarstæði sonefnds Hafnarfjarðarvegar í Kópavogi. Vegur þessi, sem er hrað-

braut, er í tölu þjóðvega, og var því Vegagerðin í hlutverki sínu sem veghaldari að vinna að framkvæmd þessarar vegarlagningar. Í beinu framhaldi nefndrar ákvörðunar neytti Vegagerðin eignarnámsheildar vegalaga og fékk síðan strax umráð landsins með samkomulagi við stefnanda. Var málið jafnframt falið hinni lögskipuðu matsnefnd til ákvörðunar eignarnámsbóta til stefnanda. Er ekki fram komið, að þessi málsmeðferð hafi að nokkru leyti sætt mótmælum af hálfu stefnanda.

Þar sem því var svo farið, sem að ofan er lýst, með eignarnám hluta lands stefnanda, verður eigi á það fallist, sem hann heldur fram, að taka landsins hafi í raun verið sameiginleg af hendi stefndu.

Samkvæmt þessu verður eigi talið, að málsástæða, byggð á ákvæðum 14. gr. erfðaleigusamningsins, eigi við í málinu, þar sem landsdrottinn stóð eigi að töku landsins, heldur þriðji aðili.

Þegar þetta er virt og litið er til annarra málsraka stefnanda, kröfugerðar hans og málátilbúnaðar í heild, verður eigi talið, að hann hafi sýnt fram á, að honum sé heimilt að sækja stefndu saman í þessu máli, sbr. 47. gr. laga nr. 85 frá 1936.

Við flutning málsins um frávísunarkröfuna beindi dómari því til lögmannna aðilja, að þeir fjölluðu jafnframt um formhlið málsins almennt.

Svo sem að ofan er sagt, verður á því byggt, að mál þetta sé risið af eignarnámi því, sem hér hefur verið lýst, en þá voru í gildi vegalög nr. 80/1973. Þegar haft er í huga tilefni setningar nefndra vegalaga, þ. e. fyrirmæli í 5. gr. laga nr. 99/1972, verður eigi talið, að ákvæði 60. gr. vegalaganna, eins og þau hljóðuðu, hafi staðið því í vegi, að ákvæðum laga nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms yrði beitt um ákvörðun eignarnámsbóta til stefnanda, enda sætti sú málsmeðferð hvorki andmælum né athugasemdum af hálfu aðilja. Áður en málsmeðferð lauk hjá matsnefnd eignarnámsbóta, hafði og nefndri 60. gr. vegalaga verið breytt með lögum nr. 27/1975 þannig, að beint var vísað til laganna um framkvæmd eignarnáms.

Að framan er rakið upphaf og lokakafli úrskurðar eignarnámsbóta. Þar kemur fram, að undir rekstri málsins fyrir matsnefndinni beindi stefnandi kröfum ekki aðeins að eignarnema, Vegagerð ríkisins, heldur einnig að Kópavogskaupstað með vísan til 14. gr. erfðaleigusamningsins, en m. a. á þessum grundvelli krafðist hann þess, að eignarnámið tæki til allrar eignarinnar.

Þá var og fjallað um heildarstærð erfðaleigulandsins, hugsan-

legt matsandlag, og hún talin verulega meiri en í samningi greinir og á því byggt í matinu.

Það er ágreiningslaust og óvafengt, að af hálfu landsdrottins, Kópavogskaupstaðar, var eigi á neinn hátt tekið þátt í meðferð málsins á þessu stigi og forráðamönnum kaupstaðarins ekki um þetta tilkynnt. Verður þó að álíta, að til þess hafi verið ærin ástæða samkvæmt eðli máls og beinlínis eftir ákvæðum 8. gr. laga nr. 11/1973.

Matsnefndin kemst að þeirri niðurstöðu, að stefnandi eigi rétt á með tilvísun til ákvæða 12. gr. laga nr. 11/1973, að öll eignin verði tekin eignarnámi, en metur ekki bætur í samræmi við það af ástæðum, sem hún tiltekur, þ. e. a. s. nefndin kveður upp úr um greiðsluskyldu eignarnema annars vegar og Kópavogskaupstaðar hins vegar.

Þegar þetta er virt, sem nú hefur verið rakið, verður talið, að úrskurður matsnefndarinnar sé haldinn svo verulegum ágöllum, að álykta verði á þann veg, að viðhlítandi úrlausn hinnar lögskipuðu matsnefndar liggi ekki fyrir. Með tilliti til niðurlags 17. gr. laga nr. 11/1973 er mál þetta, eins og það er vaxið, því ekki dómhæft. Ber því að vísa því í heild frá dómi.

Eftir atvikur þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Ólafur St. Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður falli niður.
